



Dalvíkurskóli

Íslenska 5.- 7. bekkur

Námsþáttur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Talað mál, hlustun og áhorf	Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 101-105): <ul style="list-style-type: none"> Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar. Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt. Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. 		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> Hefur skýran og áheyrilegan framburð. Er fær um að tjá sig frammi fyrir hópi og að tjá skoðanir sínar. Sýnir virka hlustun og bregst við á viðeigandi hátt. Nýtir upplýsingatækni í námi bæði myndrænt og stafrænt 	<ul style="list-style-type: none"> Flytur mál sitt skýrt og áheyrilega. Þjálfast í rökræðum og í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir. Getur hlustað, greint aðalatriði og sagt frá. Getur nýtt sér upplýsingatækni í námi bæði myndrænt og stafrænt. 	<ul style="list-style-type: none"> Getur tekið þátt í almennum samræðum og rökræðum samkvæmt reglum og almennri kurteisi. Þjálfast í framsögn í tengslum við Stóru upplestarkeppnina og getur tjáð sig skýrt og áheyrilega fyrir framan áheyrndur og haldið athygli þeirra. Nýtir sér upplýsingatækni í námi á gagnrýninn hátt bæði myndrænt og stafrænt.
Lestur og bókmenntir	Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 101-105): <ul style="list-style-type: none"> Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglungum Greint nokkur frásagnarform bókmennna og beitt fáeinum bókmennnafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðuleika upplýsinga Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju 		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> Les sér til gagns og gamans hátt og í hljóði. Leggur mat á texta og getur túlkað hann. Velur sér bækur eftir áhugasviði og les sögur og ljóð sér til ánægju. Kynnist fjölbreyttum textum, fornum og nýjum. Kannast við nokkur hugtök í bragfræði, s.s. <i>kvæði, vísa, ljóðlína, ljóðstafir og hrynjandi</i>. Getur afla sér upplýsinga úr bókum og af neti. Þekki hugtakið sögusvið. Kynnist lestri úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum. 	<ul style="list-style-type: none"> Er vel læs og hefur öðlast góðan skilning og fjölbreyttan orðaforða. Velur sér bækur eftir áhugasviði og les sögur og ljóð sér til ánægju. Þekkir fleiri hugtök í bragfræði, s.s. <i>líkingu og boðskap</i>. Kynnist fjölbreyttum textum fornum og nýjum, t.d. ljóðum og þjóðsögum. Getur aflað sér upplýsinga úr bókum og af neti og nýtt þær. Þjálfist í að les úr einföldum tölulegum og 	<ul style="list-style-type: none"> Les bækur að eigin vali og leitast er við að auka áhuga fyrir lestri. Hefur náð góðum leshraða og les af öryggi með viðunandi skilningi. Getur gert grein fyrir meginatriðum texta og gert stuttan útdrátt úr lesnum texta. Notar fjölbreytta texta, bæði forna og nýja, til að efla skilning, s.s. á tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap. Getur aflað sér upplýsinga úr bókum og af neti, túlkað þær og nýtt. Getur lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum



	<ul style="list-style-type: none"> Les u.þ.b. 140 orð á mínútu. 	myndrænum upplýsingum og túlka þær. <ul style="list-style-type: none"> Les u.þ.b. 155 orð á mínútu. 	upplýsingum og túlkað þær. <ul style="list-style-type: none"> Les u.þ.b. 165 orð á mínútu.
Ritun	Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámsskrá grunnskóla bls. 101-105): <ul style="list-style-type: none"> Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur. Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni. Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun. Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda. Skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga. 		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> Skrifar skýrt og læsilega. Hefur skoðað og skrifað margvíslega texta, s.s. frásagnir, dagbækur, sögur ljóð og sendibréf. Getur samið texta og tjáð hugmyndir sínar og reynslu. Þekkir og kann að nýta einfaldar stafsetningarreglur, s.s. stór/lítill stafur, -ng/-nk og -n/-nn reglur. Skrifar einfaldan texta á tölvu og beitir ýmsum aðferðum í ritvinnslu. Þekkir helstu reglur varðandi stafsetningu og greinamerkjasetningu. 	<ul style="list-style-type: none"> Skrifar skýrt og greinilega og vandar frágang. Getur nýtt sér orðabækur. Fæst við skapandi skrif og semur sögur, ljóð og leikþætti. Sýnir öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu. Getur nýtt sér leiðbeiningar um textagerð og er tilbúinn að taka gagnrýni á eigin texta. Kynnist y-reglum í stafsetningu og lærir að nota þær. Skrifar einfaldan texta á tölvu og beitir ýmsum aðferðum ritvinnslu. Er fær um að skrifa og endursegja texta með ákveðinn lesanda í huga. Beitir helstu stafsetningarreglum og reglum um greinarmerki. 	<ul style="list-style-type: none"> Hefur öðlast tilfinningu fyrir skipulegri uppsetningu og góðum frágangi ritaðs mál. Öðlast meira öryggi við skapandi skrif og semur sögur, ljóð og leikþætti. Öðlast frekara öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu. Nýtir sér stafsetningarreglur við ritun. Skrifar texta eftir upplestri og leiðréttir sjálfur. Getur skrifað einfaldan texta á tölvu og beitt ýmsum aðferðum ritvinnslu. Hefur náð valdi á að nýta sér helstu stafsetningarreglur og reglur um greinarmerki.
Málfræði	Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámsskrá grunnskóla bls. 101-105): <ul style="list-style-type: none"> Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. Notað all ríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun. Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál. Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra. Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta. Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins. Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, tala og ritað. Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta. Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. 		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> Kynnist því að nota fjölbreytan texta í riti og ræðu. Getur nýtt orðabækur og gagnabrunna sér til gagns og gamans. Þekkir orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð 	<ul style="list-style-type: none"> Þjálfist í að nota fjölbreyttan texta í riti og ræðu. Getur nýtt orðabækur og gagnabrunna sér til gagns og gamans á gagnrýninn hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> Getur notað ríkulegan fjölbreyttan texta í riti og ræðu. Þekkir hugtakið <i>stofn orða</i> og kann að finna stofn nafnorða og lýsingarorða.



	<p>og hvað einkennir hvern þeirra.</p> <ul style="list-style-type: none">• Getur fundið kyn, tölu og fall nafnorða og lýsingarorða.• Kann að stígbreyta lýsingarorð.• Kynnist og leikur sér með orðtök og málshætti.• Þekkir muninn á <i>málgrein</i>, <i>setningu</i> og <i>efnisgrein</i>.• Þjálfast í að búa til setningar, málgreinar og efnisgreinar í rituðum texta.	<ul style="list-style-type: none">• Þjálfast í notkun nafnorða, sagnorða, lýsingarorða og veit hvað fallorð eru.• Vinnur með orðtök og málshætti.• Getur byggt upp setningar, málgreinar og efnisgreinar í rituðum texta.• Styðst við málfræði- og stafsetningarreglur í töluðu máli og rituðu.	<ul style="list-style-type: none">• Þekkir mun á <i>beinni</i> og <i>óbeinni</i> ræðu.• Þjálfast í notkun fallorða, einkum nafnorða, sagnorða, lýsingarorða, sem og óbeygjanlegra orða og getur greint hlutverk þeirra.• Þekkir algengustu málshætti og orðtök.• Lærir ný orð og hugtök og nýtir sér þau við gerð texta.• Kann að nýta málfræði og stafsetningarreglur í töluðu máli og rituðu.
--	--	--	---